



**11. fundur  
fræðslu- og menningarnefndar Norðurlands  
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurlands,  
mánudaginn 16. janúar 2012 og hófst hann kl. 15:00**

**Fundinn sátu:**

Soffía Helgadóttir, Anna Krístrún Sigmarsdóttir, Olga Gísladóttir, Huld Hafliðadóttir, Huld Aðalbjarnardóttir, Sigurður Aðalgeirsson, Stefán L Rögvaldsson,

**Fundargerð ritaði:** Huld Aðalbjarnardóttir, Fræðslu- og menningarfulltrúi

**Dagskrá:**

**1. 201201033 - Þekkingarnet Þingeyinga - Fundargerð 63. fundar  
stjórnar.**

Lagt fram til kynningar.

**2. 201102030 - Mærudagar 2011**

Mættur var Einar Gíslason forstöðumaður Húsavíkurstofu.

Einar lagði fram skýrslu Mærudaga fyrir árið 2011. Fræðslu- og menningarnefnd mun úthluta 1.500.000,- kr. styrk til Mærudaga 2012 ef áhugi er fyrir því hjá íbúum og rekstraraðilum í þjónustu á Húsavík að halda slíka hátíð.

Einar vék af fundi kl. 16:05

**3. 201111025 - Fjárhagsáætlun á fræðslu- og menningarsviði 2012**

Fræðslu- og menningarnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögur um skiptingu fjárhagsramma á deildir á sviðum 03, 04 og 05 fyrir fjárhagsárið 2012.

**4. 201201035 - Mötuneyti Borgarhólsskóla 2012**

Fræðslu- og menningarnefnd telur mikilvægt fyrir skólalald í Borgarhólsskóla að bjóða upp á skólamáltíðir í skólanum. Því leggur nefndin til við bæjarráð að kanna hagvæmni þess að byggja eldhús við Borgarhólsskóla í stað þess að kaupa þjónustuna af þriðja aðila. Miða þarf aðstöðuna við áætlaðan fjölda nemenda og starfsfólk Borgarhólsskóla.

**5. 201201034 - Umsókn um niðurgreiðslu skólagjalda barna sem stunda  
nám utan lögheimilissveitarfélags.**

Stefán Leifur Rögvaldsson og Olga Gísladóttir viku af fundi.

Meirihluti fræðslu- og menningarnefndar sér sér ekki fært að verða við



erindinu.

**6. 201111047 - Snorraverkefnið-Umsókn um styrk**

Fræðslu- og menningarnefnd samþykkir að leggja verkefninu lið með kr. 100.000,- framlagi. Verkefnið er samstarfsverkefni Norræna félagsins og Þjóðræknisfélags Íslendinga og hefur að markmiði að auka tengsl Íslendinga við samfélag fólks af íslenskum ættum í Kanada og Bandaríkjunum.

**7. 201109036 - Skólavogin - kynning um Skólavogina**

Lagt fram til kynningar.

**8. 201112042 - Ályktun frá Félagi tónlistarskólakennara**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30**